

Alþingi

Erindi nr. P/112/1053

komudagur 27/4 1990

27.04.1990

UM FRUMVARP TIL LAGA UM ÚRELDINGARSJÓÐ FISKISKIPA
OG BREYTINGARTILLÖGUR SEM RÆDDAR HAFA VERIÐ Í NEFNDINNI

=====

Stofnfé:

Samkvæmt 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnfé sjóðsins verði rúmlega 400 millj.kr. Ennfremur er kveðið á um að hægt sé að verja til hans söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins með sérstökum lögum.

Fastir tekjustofnar:

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sérstakt gjald verði lagt á fiskiskipaflotann. Er þetta hliðstætt gjald sem nú rennur til Aldurslagasjóðs og lagt á sama gjaldstofn. Miðað við forsendur frumvarpsins er gert ráð fyrir að þetta gjald sé um 90 millj.kr. á ári. Í umræðum um breytingar á hlutverki sjóðsins hefur verið rætt um að úthluta sjóðnum allt að 12.000 þorskígildistönnum árlega. Sé miðað við að kílóverð á þorskígildi sé 20 kr. gætu tekjur sjóðsins af þessum sökum numið allt að 240 millj.kr. Samtals eru árlegar tekjur sjóðsins því 330 millj.kr.

Framsal veiðiheimilda:

Í 7. gr. (nú 8.) er kveðið á um hvernig sjóðurinn skuli framselja veiðiheimildir þeirra skipa sem hann kaupir. Skal endurgjaldið fyrir þær heimildir sem skip fá forleigurétt á miðast við gangverð á samskonar veiðiheimildum að mati sjóðstjórnar. Þetta verð hlýtur að ráðast af markaði fyrir slíkar veiðiheimildir á hverjum tíma og því er erfitt að nefna ákveðnar tölur í því sambandi. Allt að helmingi þeirra 12.000 þorskígildistonna sem sjóðnum er úthlutað árlega getur stjórn sjóðsins ráðstafað til sveitarstjórna á almennu gangverði.

Ráðstöfun tekna:

Öllum tekjum sjóðsins verður ráðstafað til kaupa á fiskiskipum til úreldingar. Stofnfé er 400 millj.kr. Fastir tekjustofnar gætu numið um 350 millj.kr. á ári. Auk þess hefur sjóðurinn til ráðstöfunar tekjur vegna framsals á þeim veiðiheimildum sem hann eignast vegna kaupa á fiskiskipum. Það fer eftir umfangi starfseminnar hve miklar heimildir hér er um að ræða en þó eru ákvæði um að þær geti aldrei verið meiri en sem nemur 5% af heildaraflaheimildum. Verði þær meiri verður þeim úthlutað varanlega á fiskiskip án endurgjalds. Í 4. (nú 5. gr.) er kveðið á um að stjórn sjóðsins sé heimilt að taka árlega lán að fjárhæð 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu. Heimildirnar skapa sjóðstjórn augljóslega svigrúm til að auka starfsemina í upphafi umfram það sem stofnfé og fastir tekjustofnar leyfa en það kemur að sjálfsgöðu niður á kaupgetu sjóðsins síðar.

Álag á útflutning:

Hér að neðan eru upplýsingar um útflutning á kvótabundnum botnfisktegundum fimm síðast liðin ár. Þá er lagt lauslegt mat á hve álagið vegna þessa útflutnings hefði verið mikið miðað við forsendur frumvarps til laga um stjórn fiskveiða. Í dæminu er miðað við 18% álag í stað 15 og 20% eftir tegundum.

<u>Ár</u>	<u>Afli</u> <u>þús.t.</u>	<u>Hlutfall</u> <u>af aflu</u>	<u>Þorskiöldi</u>
1984	376	6.22%	4.000
1985	399	9.57%	3.600
1986	434	13.75%	10.800
1987	463	14.10%	11.700
1988	470	15.55%	13.100